



**Sjúkratryggingar
Íslands**

HJÁLPARTÆKJAMÍÐSTÖÐ

Bað- og salernishjálpartæki

3. MAÍ 2010 - 30. APRÍL 2012



Efnisyfirlit

I. kafli	Inngangur	bls. 2
II. kafli	Reglugerð nr. 1138/2008 um styrki vegna hjálpartækja	bls. 3
III. kafli	Samningar um kaup á bað- og salernishjálpartækjum	bls. 9
IV. kafli	Skilgreiningar	bls. 11
V. kafli	Leiðbeiningar varðandi útfyllingu umsóknareyðublaða	bls. 12
VI. kafli	Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	bls. 12
VII. kafli	Vörulisti bað- og salernishjálpartækja	bls. 13

Myndir í vörulistanum eru birtar með góðfúslegu leyfi NAV í Noregi

Útgefandi: Sjúkratryggingar Íslands – hjálpartækjamiðstöð

Allar upplýsingar í vörulista eru á ábyrgð seljenda

Ábyrgðarmaður: Björk Pálsdóttir

Netútgáfa á heimasíðu: www.sjukra.is - htm@sjukra.is

Allar upplýsingar, málfar og framsetning í vörulista (kafli VII) er alfarið á ábyrgð þess seljanda sem í hlut á.

Öll réttindi áskilin. Heimilt er að afrita vörulistann að hluta eða í heild og birta, enda sé heimildar ávallt getið.

I. kafli

Inngangur

Í kjölfar útboðs hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) gert samninga við fimm fyrirtæki um kaup á bað- og salernishjálpartækjum.

Fyrirtækin eru þessi:

Eirberg ehf.	Stórhöfða 25	110 Reykjavík
Fastus ehf.	Síðumúla 16	108 Reykjavík
Icepharma ehf.	Lynghálsi 13	110 Reykjavík
Stoð hf.	Trönuhrauni 8-10	220 Hafnarfjörður
Öryggismiðstöð Íslands ehf.	Askalind 1	201 Kópavogur

Hér er að finna yfirlit yfir þær tegundir bað- og salernishjálpartækja sem SÍ hafa gert samning um kaup á frá 3. maí 2010 fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

Við hvert hjálpartæki í vörulista (kafli VII) kemur fram hvaða fyrirtæki er með samning við SÍ um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka SÍ í kaupum á hjálpartækinu er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

Hér er einnig að finna reglugerð nr. 1138/2008 um styrki vegna hjálpartækja (kafli II) svo og upplýsingar um samninga um kaup á bað- og salernishjálpartækjum (kafli III).

II. kafli

Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja

Reglugerð nr. 1138/2008 um styrki vegna hjálpartækja.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um styrki sjúkratrygginga almannatrygginga til að afla nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, skv. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar. Í þeim tilgangi rekur stofnunin sérstaka hjálpartækjamiðstöð.

Sjúkratryggðir eiga rétt á styrkjum vegna hjálpartækja samkvæmt reglugerð þessari. Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi ákvæði í 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljast sjúkratryggður.

2. gr.

Skilgreiningar.

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir dagslegs lífs.

II. KAFLI

Styrkir vegna hjálpartækja.

3. gr.

Réttur til styrkja.

Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda einstaklingum að takast á við athafnir daglegs lífs. Einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar. Styrkur er ekki greiddur ef hjálpartæki er eingöngu til nota í frístundum eða til afþreyingar (þ. á m. útivist og íþróttir). Þá er ekki veittur styrkur til að kaupa almenn tæki, svo sem heimilistæki, nema þegar um er að ræða aukabúnað eða séraðlögun. Ennfremur er ekki veittur styrkur til að kaupa (auka)hjálpartæki til að hafa á heimili aðstandenda ef viðkomandi býr annars staðar eða á heimavist skóla.

Þeir sem búa á sambýli eiga sama rétt og þeir sem búa á einkaheimilum til einstaklingsbundinna hjálpartækja, svo sem göngutækis, sérútbúins rúms, borðáhalda og hjálpartækja til að klæðast. Ef um er að ræða tæki sem geta nýst fleiri einstaklingum á sambýlinu, svo sem standbekk, lyftara og baðtæki, er aðeins veittur styrkur vegna eins slíks tækis á sambýlið. Sækja þarf um tækið til Sjúkratrygginga Íslands fyrir tilgreindan einstakling á sambýlinu þó aðrir geti samnýtt þau. Ef einstaklingurinn flytur úr sambýlinu tekur hann tækin með sér og er þá unnt að sækja um fyrir annan aðila á sambýlinu sem þarf að nota slík tæki. Styrkir eru ekki veittir vegna veggfastra tækja og búnaðar á sambýlum, svo sem handfanga, handriða og lyfta.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að veita styrki vegna tveggja hjálpartækja af sömu gerð til mikið fatlaðra barna og unglinga sem vegna skólagöngu (leikskóla og grunnskóla) eða dvalar á þjálfunar- og dagvistunarstofnunum yrðu ella að vera án hjálpartækja sinna daglangt. Skal þá annað hjálpartækið vera til nota á heimili og hitt í skóla eða á stofnun. Hér er að jafnaði um að ræða sérhannaða stóla, standgrindur og göngugrindur.

4. gr.

Styrkir.

Styrkir eru eingöngu veittir til kaupa á þeim hjálpartækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð þessari, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðarinnar. Í fylgiskjalinu er hjálpartækjunum raðað eftir flokkunarkerfi hjálpartækja EN ISO9999:2002. Styrkur getur ýmist verið greiddur sem ákveðið hlutfall af verði hjálpartækis og/eða ákveðin fjárhæð til kaupa á hjálpartæki.

Þegar um er að ræða samninga Sjúkratrygginga Íslands í kjölfar útboðs, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar, er styrkur frá stofnuninni háður því að hjálpartæki sé keypt hjá tilteknu sammingsbundnu fyrirtæki. Sjúkratryggingar Íslands skulu veita upplýsingar um aðila sem stofnunin hefur gert samninga við og um hvaða hjálpartæki er að ræða. Þar sem stofnunin hefur ekki gert samninga er leitað tilboða í einstök hjálpartæki og vörur eða gerðar verðkannanir og styrkveiting miðuð við það verð. Styrkur frá stofnuninni er þannig ávallt bundinn við tiltekna tegund og gerð hjálpartækis.

Sjúkratryggingar Íslands gefa út skírteini sem gilda ýmist í eitt, fimm eða tíu ár eftir atvikum hverju sinni vegna einnota hjálpartækja, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari. Innkaup sjúkratryggðra hverju sinni skulu aldrei vera meiri en sem nemur þriggja mánaða notkun. Stofnunin getur afturkallað áður útgefið skírteini ef eigandi þess notar það til að taka út vörumagn sem er í ósamræmi við það stig sjúkdóms eða fötlunar sem er forsenda útgáfu skírteinisins.

III. KAFLI

Sérreglur um hjálpartæki.

5. gr.

Hjálpartæki til þeirra sem eru á stofnunum.

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem dveljast á sjúkrastofnunum. Hið sama gildir um öldrunarstofnanir, vistheimili, heimili fyrir börn og aðrar sambærilegar stofnanir. Í þeim tilvikum skal viðkomandi sjúkrahús eða stofnun sjá vistmönnum fyrir öllum hjálpartækjum, sbr. t.d. reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu, og reglugerð nr. 296/2002, um búsetu fatlaðra. Sjúkratryggingar Íslands greiða þó styrki til þeirra sem dveljast á sjúkrahúsi eða stofnun vegna hjólastóla með skilaskyldu að notkun lokinni.

Einstaklingur sem útskrifast af sjúkrahúsi og býr í heimahúsi á rétt á styrk frá Sjúkratryggingum Íslands vegna kaupa á hjálpartækjum sem beinlínis er aflað til að viðkomandi geti útskrifast.

Þegar einstaklingur dvelst á stofnun ber að skila skilaskyldum hjálpartækjum til hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands að undanskildum hjólastólum og göngugrindum. Hjólastólum og göngugrindum skal skilað þegar einstaklingur þarf ekki lengur á þeim að halda.

Um hjálpartæki fyrir börn yngri en 18 ára sem búa á heimili fyrir börn samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, gilda ákvæði þeirra laga.

6. gr.

Hjálpartæki til heyrnar- og sjónskertra.

Heyrnar- og talmeinstöð útvegar hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmeinstöð lögum nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinstöð. Í þeim tilvikum sem heilbrigðisráðherra hefur veitt öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð heimild til að selja heyrnartæki getur einstaklingur snúið sér til þess aðila vegna kaupa á heyrnartæki. Um styrki til þeirra sem eru með heyrnarmein fer samkvæmt reglugerð nr. 1118/2006, um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar, og reglugerð nr. 146/2007, um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra annast úthlutun sérhæfðra hjálpartækja fyrir sjónskerta, sbr. lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

7. gr.

Hjálpartæki vegna náms og atvinnu.

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna kaupa á hjálpartækjum til náms og atvinnu. Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra annast afgreiðslu umsókna vegna hjálpartækja til náms fyrir 16 ára og eldri og atvinnu fyrir 18 ára og eldri skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Um nemendur í grunnskóla fer skv. 17. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, sbr. þó 3. mgr. 3. gr.

8. gr.
Ökuþjálfun.

Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna ökuþjálfunar að undangengnu ökuhæfnismati sem leiðir í ljós nauðsyn ökuþjálfunar vegna sérhæfðra hjálpartækja til stjórnunar bifreiðar. Styrkur til ökuþjálfunar skal nema að hámarki tíu ökutímum en heimilt er að samþykkja allt að tíu viðbótartíma að fenginni rökstuddri greinargerð þeirra sem annast ökuhæfnismat samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Stofnunin getur ákveðið að ökuþjálfunin verði einungis gerð í tengslum við endurhæfingarstað sem annast ökuhæfnismat.

Styrkur vegna ökuþjálfunar er ekki veittur til þjálfunar í almennum ökuskóla heldur einungis til ökuþjálfunar í eigin bifreið einstaklings og þegar aðstæður kalla á frekari þjálfun en almennt gerist. Skal styrkurinn vera 70% af samþykktum kostnaði.

Styrkur til ökuþjálfunar skal eingöngu veittur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Umsækjandi hefur sjálfur ökuréttindi og er skráður eigandi bifreiðarinnar. Ef umsækjandi hefur ekki haft ökuréttindi áður þá skal hann hafa staðist bóklegan hluta náms til ökuréttinda.
2. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggur fyrir.
3. Mat á ökuhæfni liggur fyrir.

Ökuþjálfun skal fara fram í samræmi við gildandi reglugerð um ökuskírteini.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Umsóknir um hjálpartæki.

Sækja þarf um styrk frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á hjálpartæki á sérstökum eyðublöðum stofnunarinnar og skal það gert áður en fest eru kaup á hjálpartæki. Umsækjanda er skylt að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til styrks, fjárhæð hans, greiðslu og endurskoðun.

Við mat á umsókn skal leitast við að skoða heildarástand einstaklingsins. Sjúkratryggingar Íslands geta áskilið að lagt sé fram vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis. Í umsókn skal þannig ávallt koma fram mat læknis og/eða annars hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmanns, t.d. iðjuþjálfara eða sjúkraþjálfara, á þörf fyrir hjálpartæki. Enn fremur lýsing á skertri færni og rökstuðningur fyrir hjálpartæki. Þegar um er að ræða fyrstu umsókn er umsögn læknis nauðsynleg.

Ef breyting verður á sjúkdómsástandi/fötlun getur þurft nýtt læknisvottorð. Ætíð er krafist nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpartækja sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn til Sjúkratrygginga Íslands.

Sá heilbrigðisstarfsmaður sem hlut á að umsókn skal leitast við að tryggja að hjálpartækið nýtist sem best, t.d. með viðeigandi eftirfylgni og endurhæfingu.

10. gr.

Ákvarðanir um styrki.

Allar umsóknir um styrki vegna hjálpartækja skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er og skulu styrkir reiknaðir frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til þeirra.

Styrkir skulu aldrei ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til styrks og fjárhæð styrks berast stofnuninni.

Ákvarðaðir styrkir falla niður ef þeir eru ekki nýttir innan tólf mánaða, en ákvarða má styrk á ný ef rökstudd umsókn berst.

11. gr.

Ráðgjöf, endurnýting, skilaskylda o.fl.

Sjúkratryggingar Íslands skulu veita umsækjendum ráðgjöf og upplýsingar um hjálpartæki, aðstoða við val á hjálpartækjum og við afgreiðsluferlið. Skal stofnunin sjá um endurnýtingu þeirra hjálpartækja sem við á. Jafnframt skal stofnunin annast uppsetningu, breytingar, sérsníði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða sjá um að aðrir aðilar annist þessa þjónustu. Stofnunin skal annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum sem eru í eigu hennar eftir að ábyrgð seljenda er útrunnin.

Að notkun lokinni ber að skila hjálpartækjum sem hægt er að endurnýta. Tækin eru í eigu Sjúkratrygginga Íslands og ber að fara vel með þau. Endurnýtanlegum hjálpartækjum öðrum en spelkum og gervilimum ber að skila til hjálpartækjamiðstöðvar stofnunarinnar. Spelkum og gervilimum ber að skila til þeirra stoðtækjafyrirtækja sem hafa smíðað eða útvegað viðkomandi tæki.

12. gr.

Stjórnarsýslukærum.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð styrks vegna hjálpartækja samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því umsækjanda/aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum Sjúkratrygginga Íslands skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra. Sjúkratryggingar Íslands skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.

V. KAFLI

Gildistaka o.fl.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, gildir frá 5. desember 2008. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 460/2003, um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja, með síðari breytingum. Þó er heimilt að greiða styrki vegna efna til húðvarnar og húðhreinsunar 0921 samkvæmt þeirri reglugerð til 1. janúar 2009.

14. gr.

Breytingar á reglugerð nr. 752/2002, um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, með síðari breytingum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:
 - a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
 - b. 2. mgr. orðast svo:

Reglugerð þessi gildir um styrki til að afla bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta og um uppbætur vegna kaupa og reksturs bifreiða skv. 10. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.
 - c. Tölustafurinn „3“ í 3. mgr. fellur brott.
2. 3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.
3. Fyrirsögn 5. gr. reglugerðarinnar verður: *Styrkur til kaupa á bifreið skv. 3. mgr. 10. gr. laga um félagslega aðstoð.*
4. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. desember 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

ÚTDRÁTTUR ÚR FYLGISKJALI MEÐ REGLUGERÐ NR. 1138/2008. Hjálpartæki frá Sjúkratryggingum Íslands

Skammstafanir og skýringar sem koma fram:

ATL: Almennatryggingalög (lög nr. 117/1993 um almennatryggingar, með síðari breytingum)
SÍ: Sjúkratryggingar Íslands
TR: Tryggingastofnun ríkisins
50/70/100%: Þátttaka SÍ í greiðslu á hjálpartæki er 50%, 70% eða 100%

Skilgreiningar:

Lífeyrisþegi: Sá sem hefur í gildi örorkuskírteini frá TR eða er 67 ára eða eldri.

Börn/unglingar: Börn og unglingar yngri en 18 ára.

Hjálpartækjaskírteini: Skírteini útgefið af SÍ vegna einnota hjálpartækja sem gilda ýmist í 1 ár, 5 ár eða 10 ár.

09 Hjálpartæki við persónulega aðhlynningu og fatnaður.

Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samninga um kaup á bað- og salernistækjum.

Sjúkratryggingar Íslands gefa út hefti sem hefur að geyma tæmandi yfirlit yfir allar þær tegundir hjálpartækja sem samningarnir hér að ofan ná til og sem stofnunin tekur þátt í kaupum á fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum í heftinu kemur einnig fram hvaða fyrirtæki er með samning við Sjúkratryggingar Íslands um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka stofnunarinnar í kaupum á ákveðnu hjálpartæki er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

0912 Hjálpartæki við salernisferðir.

09 12 03 Salernisstólar með/án hjóla 100%
09 12 06 Salerni (kemisk) 50%
09 12 09 Salernissæti 100%
09 12 12 Salernisupphækkar, frítt standandi 100%
09 12 15 Salernisupphækkar, lausar 100%
09 12 18 Salernisupphækkar, fastar 100%
09 12 27 Salernispappírstangir 100%
09 12 30 Salernispappírshaldarar 100%
09 12 33 Bekken 100%
09 12 36 Skol- og þurrkbúnaður á salerni 100%
09 12 90 Aukahlutir á salernishjálpartæki 100%

0933 Hjálpartæki við snyrtingu og böðun.

Sjúkratryggingar Íslands greiða fyrir hjálpartæki við snyrtingu og böðun fyrir þá sem hafa verulega skerta færni eða verulega skert jafnvægi. Skiptiborð eru greidd fyrir fjölfatlaða einstaklinga þar sem þörfin er ótvíræð.

09 33 03 Bað/sturtustólar með eða án hjóla 100%
09 33 12 Sturtuborð og skiptiborð 100%
09 33 36 Hjálpartæki til að þurrka sig 50%
09 33 39 Flothjálpartæki (sundbretti, baðkragar, uppblásanlegir baðhjálmar) 50%
09 33 90 Baðkersbretti 100%
09 33 91 Baðkerssæti 100%

09 33 98 Aukahlutir á baðhjálpartæki 100%
09 33 99 Breytingar á baðhjálpartækjum 100%

1818 Stuðningsbúnaður.

18 18 03 Handrið/stuðningsgrip 100%
18 18 09 Stoðir 100%
18 18 90 Uppsetning á handriðum/stoðum 100%

III. kafli

Samningar um kaup á bað- og salernishjálpartækjum

Hér er að finna yfirlit yfir allar þær tegundir hjálpartækja sem samningarnir á bað- og salernishjálpartækjum ná til og sem Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í kaupum á fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum kemur fram hvaða fyrirtæki er með samning við SÍ um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka SÍ í kaupum á ákveðnu hjálpartæki er hér háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

Fyrirtækin eru þessi:

Eirberg ehf.
Fastus ehf.
Icepharma ehf.
Stoð hf.
Öryggismiðstöð Íslands ehf.

Kaup á hjálpartækjum

Kaup á hjálpartækjum verða aðeins gerð að fyrir liggja formlegt samþykki SÍ á umsókn um hjálpartæki.

Afhending hjálpartækja

Viðkomandi fyrirtæki ber ábyrgð á afhendingu umsaminna hjálpartækja til notenda. Fyrirtækið skal afhenda þeim notendum, sem búa eða dveljast í nágrenni starfsstöðvar umsamin tæki á starfsstöð sinni. Þegar ekki er hægt að koma því við að tæki séu sótt á starfsstöð, skal þeim ekið á heimili notenda sé það í nágrenni starfsstöðvar. Koma skal tækjum á pósthöndun vegna þeirra sem búa eða dveljast fjarri starfsstöð. SÍ geta farið fram á að tæki sé afhent í hjálpartækjamiðstöð SÍ.

Í afhendingu er innifalin aðlögun og leiðbeiningar um notkun hjálpartækjanna sem við á hverju sinni. Með aðlögun er átt við að tækið sé tilbúið til notkunar, samsett og stillt fyrir notanda. Viðkomandi fyrirtæki skal ennfremur sinna öllum sanngjörnum óskum notanda um frekari leiðbeiningar um notkun hjálpartækisins án sérstaks endurgjalds.

Leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja hjálpartæki. Tækið skal vera með merki framleiðanda og seljanda, fyrirtækið skal einnig merkja tæki með merkimiða hjálpartækjamiðstöðvar SÍ.

Afhendingartími, þ.e. sá tími sem tekur fyrirtæki að útvega og stilla hjálpartæki, skal vera hámark þrjár vikur frá móttöku formlegs samþykkis SÍ eða móttöku tækjapöntunar, hvort sem síðar er. Í sérstökum tilvikum geta SÍ samþykkt lengri afhendingartíma að fenginni rökstuddri greinargerð frá viðkomandi fyrirtæki. Öll framangreind þjónusta er innifalin í verði tækjanna.

Endurnýting hjálpartækja

Hjálpartækin sem hér um ræðir eru með skilaskyldu til hjálpartækjamiðstöðvar SÍ að notkun lokinni. Tæki á lager hjálpartækjamiðstöðvar SÍ ganga fyrir nýkaupum á

tækjum frá seljanda. Hjálpartækjamiðstöð SÍ sér alfarið um afhendingu endurnýtttra tækja.

Verð á hjálpartækjum

Verð á umsömdum hjálpartækjum og aukahlutum er tilgreint í vörulistanum, sjá kafla VII. Verðið er heildarverð með virðisaukaskatti og felur í sér viðeigandi aðlögun og leiðbeiningar í notkun hvers hjálpartækis eftir því sem við á.

Tilgreint verð miðast við 3. maí 2010 og getur breyst samkvæmt ákveðnum reglum.

Reikningar

Fyrirtækin senda reikninga til Sjúkratrygginga Íslands í kjölfar afhendingar á tæki. Notandi eða aðstandandi hans þarf að staðfesta móttöku hjálpartækis með undirskrift sinni. Notandi greiðir fyrirtækinu sinn hluta í verðinu þar sem það á við.

Ábyrgð

Fyrirtækin ábyrgjast að geta ætíð útvegað hjálpartæki, aukahluti, varahluti og annað, sem tryggir fullnægjandi þjónustu. Þau bera tveggja ára ábyrgð á framleiðslugalla í hjálpartæki og á tjóni, sem hlýst af ágalla á hjálpartæki.

Aðgengi að húsnæði fyrirtækis

Fyrirtækin ábyrgjast gott aðgengi fyrir alla að sýningarsvæði fyrirtækjanna.

IV. kafli

Skilgreiningar

Öll bað- og salernshjálpartæki í vörulistanum eru CE-merkt samkvæmt kröfu þar um. Upplýsingar í vörulistanum eru frá seljendum og á ábyrgð þeirra.

Salernisstólar með eða án hjóla eru með opi í setu og festingar fyrir fötu og/eða bekken. Hægt er að nota stólana yfir salerni. Margir salernisstólar henta einnig sem sturtustólar. Bremsa er á a.m.k. 2 hjólum.



Bað- og sturtustólar með eða án hjóla eru með baki, hafa heila setu eða með úrtaki og eru ýmist með eða án handfanga/arma. Þeir henta ekki sem salernisstólar. **Sturtukollar** hafa heila setu eða með úrtaki og geta verið með handföng. Einnig eru **sturtusæti** til að festa á vegg.



Salernisupphækkarnir eru hækkaðar salernissetur/sethringir sem eru skorðaðar á salernisskál (lausar) eða festar á salerni með tilheyrandi festingum í stað venjulegrar setu (fastar). Föstu hækkarnir eru ýmist í fastri eða stillanlegri hæð u.þ.b. 5-15cm, með loki og með eða án arma. Lausar upphækkarnir eru með eða án loks.



Frítt standandi salernisupphækkarnir eru grindur á fótum með salernissetu, sem sett er yfir salerni til að hækka sethæð. Oftast með örmum eða handföngum, loki og hægt er að stilla hæð á fótum. Upphækkun getur einnig nýst sem salernisstóll með fötu eða bekken.



Baðkersbretti er lagt þvert yfir baðkarið og er skorðað. Það getur haft handfang.

Baðkerssæti hangir á köntum baðkersins og fellur niður í baðkerið eða stendur á botni baðkersins. Sætið er með eða án baks og seta ýmist heil eða með úrtaki.



Sturtuborð er bekkur á hjólum, með hliðum og frárennsli til að auðvelda aðstoðarfólki að baða/annast einstaklinga. Baðbekkurinn er hæðarstillanlegur og hefur hallastillingu til að auðvelda frárennsli vatns.

V. kafli

Leiðbeiningar varðandi útfyllingu umsóknareyðublaða

Mikilvægt er að fram komi allar nauðsynlegar upplýsingar svo að afgreiðsla umsókna gangi sem best. Eyðublöð er varða upplýsingar um tæki, skulu fylgja eftir því sem við á. Mikilvægt er að skrá símanúmer umsækjanda og tengiliðar, t.d. iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara, til að auðvelda upplýsingaöflun. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða fyrir hans hönd.

Nánari upplýsingar varðandi umsóknir og tæki veita starfsmenn hjálpertækjamiðstöðvar í síma 515-0100.

Eyðublaðið UMSÓKN UM STYRK TIL KAUPA HJÁLPARTÆKIS er að finna á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands, www.sjukra.is.

Einnig má nálgast eyðublaðið hjá hjálpertækjamiðstöð SÍ, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík eða þjónustumiðstöð á Laugavegi 114, Reykjavík og umboðum um land allt.

Vinsamlegast notið prentstafi eða ritvél ef eyðublaðið er ekki fyllt út í tölvu.

Eyðublaðið er ekki ætlað til umsókna um hjálpertæki, sem Heyrnar- og talmeina- og talmeynistöð eða Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga annast. Þeim umsækjendum er bent á viðkomandi stofnanir.

VI. kafli

Viðhalds- og viðgerðarþjónusta

Hjálpertækjamiðstöð SÍ annast alla viðhalds- og viðgerðarþjónustu á hjálpertækjum sem SÍ veitir, svo framarlega sem tækið er ekki lengur í ábyrgð seljanda. Samningar eru við ákveðin verkstæði á landsbyggðinni um viðgerðir á hjálpertækjum, sjá nánar á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is undir Hjálpertækjamiðstöð/Afgreiðsla og þjónusta.

VII. kafli

Vörulisti baðhjálpartækja

0912 Hjálpartæki við salernisferðir

09 12 03 01	Salernisstólar án hjóla
09 12 03 02/03	Salernisstólar (sturtustólar) með hjólum
09 12 03 02/03	Barna salernisstólar (sturtustólar) með hjólum
09 12 12	Salernisupphækkunar, frítt standandi
09 12 15	Salernisupphækkunar, lausar
09 12 18	Salernisupphækkunar, fastar
09 12 24 (181809)	Salernisstoðir festar á salerni

0933 Hjálpartæki við snyrtingu og böðun

09 33 03 01 (093390)	Baðkersbretti
09 33 03 02 (093391)	Baðkerssæti
09 33 03 03	Sturtukollar
09 33 03 04	Veggföst sturtusæti
09 33 03 05	Sturtustólar án hjóla með baki
09 33 12 01	Sturtuborð
09 33 12 02	Skiptiborð

1818 Stuðningsbúnaður

18 18 09	Stoðir
----------	--------

09 12 90 / 09 33 98 Aukahlutir á bað- og salernishjálpartæki



Salernisstólar án hjóla 091203 01

Seljandi Framleiðandi	Vöruheiti Vörunúmer	Er einnig sturtustóll	Viðmiðunarmynt	Verð m/vsk ISK	Sæti			Hámarks þyngd notanda kg	Hægt að taka í sundur án verkf. þolir þrif við °C	Lýsing <u>Fata/bekken er innifalin</u>	
					Utanmál L x B cm	Setbreidd cm	Sethæð frá-til cm				Salernisop L x B cm
Eirberg ehf.											
Etac	Swift Commode ETA- 81702030	X	SEK	29.000	50 x 56	45	42-57	12 X 9-13	130	X 85	Bólstrað sæti og bak, fastir armar sem er hægt að taka af. Lok yfir setuna fylgir. Þolir háþrýstþvott.
Stoð hf.											
Innovation	Apollo AP_CMD_LX		EUR	29.600	59 x 52	47	49-59	24,5 x 21	110	85	Bólstrað sæti og bak, fastir armar. Bólstrað lok yfir setuna fylgir. Litur: Blár. Þolir háþrýstþvott.



Salernisstólar (sturtustólar) með hjólum/drifhjólum 091203 02/03

Seljandi Framleiðandi	Vöruheiti Vörunúmer	Stólar með litlum hjólum	Stólar með drifhjólum	Er einnig sturtustóll	Viðmiðunarmynt	Verð m/vsk ISK	Utanmál L x B cm	Sæti				
								Setbreidd cm	Sethæð frá-til cm	Salernisop L x B cm	Seta bólstuð	Hægt að setja yfir salerni B x H cm
Eirberg ehf.												
Etac	Clean ETA-80209271	X		X	SEK	79.500	58x52	48	55	36xbreiðast 21,5	X	
Etac	Clean 24" ETA-80209276		X	X	SEK	168.000	80X69	48	55	36xbreiðast 21,5	X	
Etac	Swift Mobil Tilt ETA-80209410	X		X	SEK	247.000	58-94	50	50-65	30xbreiðast 21 cm	X	
Icpharma hf.												
Linido	LI2137.521 Sturtustóll á hjólum sérstryktur	X		X	EUR	328.130	94x68	60	61	40x20/9		
Stoð hf.												
Invacare	Aquatec Ocean 710900	X		X	NOK	145.000	93,4x56	46	47,5-60	32,5x19,5	45 x 42	
Invacare	Aquatec Ocean 712900		X	X	NOK	225.000	106x67,5	46	47,5-60	32,5x19,5	45 x 42	
Invacare	Aquatec Ocean Vip 1470000	X		X	NOK	243.000	105,8x57,5	46	50-60	32,5x19,5	45 x 42	

Bak		Tilt		Armar			Fótahv.			Bremsa			Prif		Tilgreinið fylgihluti sem eru innifaldir Aðrar athugasemdir			
Bak bólstroð (B) / dúkur (D)	Hart bak	Hægt að halla sæti fram °	Hægt að halla sæti aftur °	Hámarks þyngd notanda	Armar (A) / Hliðarhandfang (H)	Hægt að taka arma af	Hægt að slá arma frá	Hæðarstillanlegar	Hægt að taka af	Hægt að slá frá	Stærð hjóla (mm)	Bremsa á tvö hjól	Bremsa á fjögur hjól	Bremsa fyrir notanda		Hægt að leggja saman	þolir þrif við °C	þolir háþrýstipvott
	X			130	A	X	X	X		X	12,5	X				85	X	Bekkenfestingar eru aukahlutur. Fata: ETA-80209255 kr. 5.900
	X			130	A	X	X	X		X	24"		X			85	X	Bekkenfestingar eru aukahlutur. Fata: ETA-80209255 kr. 5.900
X		5	35	130	A		X	X	X	X	12	X				85	X	Hælbönd og höfuðstuðningur er innifalið. Bekkenfestingar eru aukahlutur, ath. tvö vörunúmer. Fata: ETA-80209255, kr. 5.900
D				400	A		X	X		X	125	X						Sérstyrkt stólgrind með niðurfellanlegum örmum, mjúk seta opin að framan, festingar f. bekken, sérstyrktar fótahvílur sem eru stillanlegar. Fata: kr. 12.546
D				130	A		X	X	X	X	127		X			80	X	Fótafjalir fylgja. Fata: kr. 5.100
D				130	A		X	X	X	X	24"		X	X		80	X	Fótafjalir fylgja. Fata: kr. 5.100
D		35		150	A		X	X	X	X	127		X			80	X	Fótafjalir og höfuðstuðningur fylgja. Fata: kr. 5.100



Barna salernisstólar (sturtustólar) með hjólum 091203 02/03

